

framanritaðs eiga rétt til einhverrar þóknunar auk þeirra kr. 95.000, sem viðurkennt er, að stefndi skuldi henni vegna peningaláns.

Þykir þessi þóknun með hliðsjón af öllum málsatvikum hæfilega ákveðin kr. 500.000. Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þessa fjárhæð + kr. 95.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 18. október 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 93.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Þ. Melsted, greiði stefnanda, Valgerði Engilbertsdóttur, kr. 595.000 með 9% ársvöxtum frá 18. október 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 93.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. mars 1978.

Nr. 9/1977.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Albert Ragnarssyni og

(Páll S. Pálsson)

Kristmundi Sigurðssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Manndráp. Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru álitserðir geðlæknanna Asgeirs Karlssonar og Ingvars Kristjánssonar um geðheilsu og sakhæfi ákærðu bornar undir Læknaráð, sem féllst á niðurstöðu álitserðanna 24. janúar 1978.

Málsatvik eru skilmerkilega greind í hinum áfrýjaða dómi. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærðu hafi gerst sekir um að svipta Guðjón Atla Árnason lífi aðfaranótt 6. júlí 1976. Er atferli þeirra réttilega fært til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skýlausri játningu ákærða Alberts Ragnarssonar er sannað, að hann hefur gerst sekur um brot þau, er getur í II. kafla ákæru og nánar er greint frá í II. 1—5 í héraðsdómi. Eru brot þessi heimfærð til rétttra refsíákvæða.

Samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem tilgreind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvörðun um refsingu ákærða Alberts Ragnarssonar, en eins og þar greinir, er eigi heimilt að dæma honum þyngri refsingu en 8 ára fangelsi, þar eð hann var undir 18 ára aldri, er hann framdi brot sín, sbr. 2. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga. Hann sætti gæsluvarðhaldi á Akureyri frá 4. febrúar til 4. mars 1976 og síðan í Reykjavík óslitið frá 8. júlí s. á. Þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist þessi komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga.

Refsingu ákærða Kristmundar Sigurðssonar ber að ákveða samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem tekin eru upp í héraðsdómi, sbr. og 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. og 9. tölulið 74. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans, sem staðið hefur óslitið frá 8. júlí 1976, á að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber héraðsdóm um greiðslu skaðabóta af hálfu ákærða Alberts Ragnarssonar, þó svo, að skaðabætur til Útvegsbanka Íslands á Akureyri verða ákveðnar 43.312 krónur, en eigi 43.412 krónur, svo sem misritast hefur í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber hvorn hinna ákærðu til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur til hvors verjanda. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu óskipt til að greiða, þar með talin sak-sóknarlaun til rikissjóðs, 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði Albert Ragnarsson sæti fangelsi 8 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans 4. febrúar til 4. mars 1976 og frá 8. júlí 1976 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Kristmundur Sigurðsson sæti fangelsi 12 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 8. júlí 1976 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta af hálfu ákærða Alberts Ragnarssonar á að vera óraskað að öðru leyti en því, að hann greiði Útvegsbanka Íslands 43.312 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði Albert Ragnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Ákærði Kristmundur Sigurðsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1976.

Ár 1976, föstudaginn 3. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómarara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 572-573/1976: Ákærvaldið gegn Albert Ragnarssyni og Kristmundi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 26. f. m.

Sakarefni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 11. f. m., gegn:

1. Albert Ragnarssyni, Skarðshlíð 40, Akureyri, nú gæslufanga, fæddum 11. september 1958 á Akureyri.

2. Kristmundi Sigurðssyni, Blikahólum 10, Reykjavík, nú gæslufanga, fæddum 4. júní 1958 í Reykjavík, og er ákæruefni og dómkröfum þannig lýst í ákæru:

„I. Manndráp.

Ákærðu Albert og Kristmundi er gefið að sök að hafa gerst sekir um manndráp skömmu eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 6. júlí 1976 á „Fífuhvammsgryfjuvegi“ í Kópavogi. Réðust ákærðu þar í félagi á Guðjón Atla Árnason, þá til heimilis í sumarbústaðnum Elliða við Elliðavatn, í bifreið hans, G 8244, og börðu hann svo og misþyrmdu, þar til hann hlaut bana af.

Þykja ákærðu með fyrrgreindu atferli hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaðarbrot og skjalafals.

Ákærða Albert er gefið að sök að hafa gerst sekur um eftirgreind þjófnaðar- og skjalafalsbrot:

1. Haustið 1975 stolið Kulm-armbandsúri og ávísanahefti úr fötum Einars Pálma Árnasonar, Grænumýri 16 á Akureyri, í búningsklefa í íþróttavallarhúsinu á Akureyri.

2. Aðfaranótt miðvikudagsins 19. nóvember 1975 brotist inn í húsakynni Útvegsbanka Íslands, Hafnarstræti 107 á Akureyri, og brotist í skáp gjaldkera og stolið peningum, samtals að verðmæti kr. 79.300.

3. Aðfaranótt laugardagsins 31. janúar 1976 brotist ásamt Gunnhalli Gunnarssyni, Hafnarstræti 25 á Akureyri, inn í skrifstofuhúsnæði Esso á Oddeyrartanga og stolið kr. 8.000 í peningum, sem þeir síðan skiptu jafnt á milli sín.

4. Aðfaranótt miðvikudagsins 7. júlí 1976 brotist inn í verzlun Hlöðvers að Kaplaskjólsvégi 1 í Reykjavík og stolið þaðan um 15 lengjum af Camel vindlingum og um þrjú þúsund krónum í peningum.

5. Að framvísa ýmist sjálfur eða láta framvísa fyrir sig í viðskiptum eftirtöldum fjórum tékkum, er ákærði hafði útfyllt og falsað nafnritanir útgefanda og framseljanda, svo sem rakið verður, á tékkaeyðublöð Landsbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, er ákærði hafði áður stolið, þ. á m. þau, er greinir í II. lið 1:

a) Þann 2. júlí 1975 selt í Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, tékka 022400, kr. 7.000 til handhafa, á ávísana

reikning nr. 493, eftir að hafa falsað á tékkann útgefanda-nafnritunina Rúnar Kristþórsson og framselt hann með nafnrituninni Hafsteinn Sigurðsson.

- b) Þann 15. desember 1975 látið selja fyrir sig í Bókabúð-inni Huld tékka Nr. B84621, sem ákærði hafði útfyllt að fjárhæð kr. 4.000, á ávísanareikning nr. 8563, dagsett þann sama dag og á tékkann falsað útgefandanafnritunina Stef-án Reykjalín og framselt hann með nafnrituninni Kristinn Tómasson.
- c) Þann 18. desember 1975 látið selja fyrir sig í verslun KEA, Brekkugötu 1, tékka Nr. B84622, sem ákærði hafði útfyllt að fjárhæð kr. 5.000, dagsett tékkann þann sama dag og á tékkann falsað útgefandanafnritunina Stefán Ólafsson.
- d) Þann 18. desember 1975 látið selja fyrir sig og Lúther Harðarson, félagi sinn, í verslun BSO við Strandgötu tékka Nr. B84624, sem ákærði hafði áður útfyllt að fjár-hæð kr. 10.000, á ávísanareikning nr. 8469, dagsett 18. des-ember og falsað á tékkann útgefandaáritunina Stefán Ól-afsson. Meginhluta tékkafjárhæðarinnar fengu þeir félagar í reiðufé.

Fyrrgreind brot ákærða Alberts, sem rakin eru í liðum 1—4, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot þau, sem rakin eru í 5. lið, stafliðum a—d, við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta eftir því sem krafist verður og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Eftirtaldir fjárkröfur hafa verið hafðar uppi í málinu á hendur ákærða Albert Ragnarssyni í sambandi við brot þau, sem um ræðir í II. kafla ákærunnar:

1. Útvegsbanki Íslands, Akureyri, (sbr. ákærulið II. 2.) 43.312 kr.
2. Landsbanki Íslands, Akureyri, (ákærul. II. 5.a.) 7.000 kr.
3. Bókabúðin Huld, Akureyri, (ákærul. II. 5.b.) 4.000 kr.
4. Útibú Matvörudeildar KEA, Brekkugötu 1, Akureyri, (ákærul. II. 5.c.) 5.000 kr.
5. Bifreiðastöð Oddeyrar, Akureyri, (ákærul. II. 5.d.) 10.000 kr.

Málsatvik.

I. Klukkan 8.40 að morgni þriðjudagsins 6. júlí sl. var lögregl-unnin í Kópavogi tilkynnt, að karlmannslík lægi í gryfju austan

við Rörsteypuna við Fífuhvammsveg í Kópavogi. Lögregluþjónar fóru á staðinn og samkvæmt beiðni þeirra einnig rannsóknar-lögreglumenn úr Reykjavík. Líkið reyndist vera af Guðjóni Atla Árnasyni, til heimilis í sumarbústað við Elliðavatn. Líkið var blóðugt og mjög illa leikið, og var þegar ljóst, að um manndráp var að ræða.

Nokkru fyrr um nóttina, eða milli kl. 4 og 5, hafði bifreiða-stjóri komið á lögreglustöðina í Reykjavík og afhent þar ýmis gögn, svo sem nafnskírteini og ökuskírteini með nafni Guðjóns Atla Árnasonar, en gögn þessi hafði hann fundið við Fífuhvamms-veg, þar sem hann liggur gegnum sandgryfjur austan við frysti-hús Barðans. Skjölín voru send lögreglunni í Kópavogi, og fóru lögregluþjónar á staðinn, en staður þessi er ca 750 m austan við stað þann, þar sem lík Guðjóns Atla fannst. Þarna fundu lögreglu-þjónarnir svart peningaveski, sem lá rétt sunnan við veginn, enn fremur allmikið af bréfmiðum, sem fokið höfðu og dreifst um, þar á meðal gögn í sambandi við kaup og sölu á bifreið.

Í skýrslu Njarðar Snæhólms aðalvarðstjóra í rannsóknarlög-reglunni í Reykjavík, er athugun á vettvangi, þar sem líkið fannst, lýst m. a. á þessa leið:

„20.80 metra austan við Rörsteypuna liggur látni með fætur í áttina að veginum, eða NA og 16.80 metra frá vegarbrún nær honum. Nokkuð sléttur grúsflötur er frá vegi þarna inn, en þó með smásteinum. Við höfuð látna er grúsbarð, rúmur metri á hæð, langur kantur, og eftir honum liggur gamall vegur, en sunnan við hann er girðing við tún. Á kantinum upp af höfði látna stendur gömul rafstöð.

Um einn og hálfan metra til vinstri við látna eru 7 st. trébretti í hrúgu, og við hliðina á þeim, nær látna, er 93 cm langur spýtu-bútur, 1 x 4. Á öðrum enda hans og nokkuð inn á hann, er blóð og hár í því. Undir bútnum er um tveggja mannsnefa stór hruft-óttur steinn og blóð á kafla á honum.

Hægramegin við látna, út frá höfði, eru tveir borðbútar, 2.15 metra til hægri við látna eru fót eftir sumardekk á bíl, upp að malarkantinum. Bíllinn á þessum dekkjum hefur verið tekinn af stað, svo hann hefur spólað. (Þarf þó ekki að hafa neina þýðingu). Förin virðast vera ný.

Látni liggur á bakinu með hendur með síðum. Munnur er opinn og vantar tennur í neðri góm. Látni er mikið blóðugur um höfuð. Sköllóttur. Augu eru lokuð. Vantar bít í vinstra eyra og skurður þar á bak við. Skurður yfir vinstra auga, vinstramegin

á höfði og liggur á hnakkann í stórum blóðpolli, og í honum eru skinntætlur. Minni blóðpollur er hægramegin við höfuðið. Blóðugur á báðum höndum. Í hægri hendi heldur hann á heillri hvítri milliskyrtnu með einhverskonar svörtum laufum. Hún er öll ötuð blóði.

Fætur eru krosslagðir. Vinstri yfir þann hægri. Volgur á maganum undir buxum.“

Líkið var flutt í líkhús Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg, og var það krufið af Bjarka Magnússyni lækni. Fingraför voru tekin af hinum látna til þess að sannreyna, að um Guðjón Atla Árnason væri að ræða, en fingraför hans eru í safni tæknideildar rannsóknarlögreglu. Bar fingraförunum saman.

Í skýrslu um krufningu á líkinu kemur fram, að í blóði reyndist alkóhólmagn 1.19%, en í þvagi 2.08%. Í niðurlagi skýrslunnar er dánarorsök lýst á þessa leið:

„Við krufninguna fundust margháttaðir, bæði ytri og innri, höfuðáverkar, eins og að framan er lýst, og ennfremur merki um áverka á hálslíffærum, brjóstakassa og lungum, eins og einnig er lýst að framan. Höfuðhögg þau, sem maðurinn hefur hlotið, hafa valdið brotum á kúpubotni og að minnsta kosti eitt þeirra verið mjög þungt, þar sem miðjan á kúpubotninum hafði lyfst nokkuð upp. Högg þessi höfðu einnig valdið margháttuðum áverkum og blæðingum í heila, eins og að framan er lýst, og ennfremur blæðingum undir heilabasti og heilakögri. Aðaldánarorsök mannsins hefur verið ofangreindir höfuð- og heilaáverkar. Áverkar þeir, sem fundust í hálslíffærum og er lýst að framan, benda til þess, að maðurinn hafi verið gripinn kverkataki. Rifjabrotin og blæðingar inn í lungum sýna, að maðurinn hefur hlotið þungt högg á breiðum fleti á brjóstakassann.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati benda líkur til þess, að maðurinn hafi verið ölvaður, er hann lézt.“

Bifreið Guðjóns Atla Árnasonar, G 8244, fannst síðdegis 6. júlí utan við Kaplaskjólsvæg 63, stóð þar á innkeyrslugötu frá Kaplaskjólsvegi. Rannsóknarlögreglan tók bifreiðina í sínar vörslur. Skoðun leiddi í ljós, að fingurfar var á hliðarrúðu hægra megin, og reyndist það fingurfar ákærða Kristmundar Sigurðssonar skv. skýrslu Ragnars Vignis, aðalvarðstjóra tæknideildar, en deildin hefur fingraför Kristmundar í safni sínu.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Njarðar Snæhólms um athugun á bifreiðinni, sem er sendiferðabifreið af gerðinni Moskvitch 434. Afturhurð opnast upp, en húninn vantaði á hana. Hliðarrúður

eru ekki nema á hurðum. Blóðblettir voru á afturhurðinni og einnig utan á vinstri framhurð. Inni í bifreiðinni fannst blóð innan á báðum hurðum, á framrúðu, sólskyggni og loftklæðningu. Blóðtaumar voru niður sætisbak vinstra megin, og á masonitplötu á gólfinu var allmikið blóð, einkum framan til. Á gólfi framan við hægra sæti var plastbakki og pylsubréf, stútar af tveimur öflöskum og flöskubrot. Brot voru einnig milli sætanna og á gólfi aftur í bifreiðinni.

Rannsóknarlögregluþjónar í Reykjavík handtóku fyrri hluta dags 7. júlí hina ákærðu í máli þessu, Albert Ragnarsson og Kristmund Sigurðsson, sem þá höfðust við í húsinu Meistaravöllum 6. Þetta er gamalt timburhús, og hafði þarna aðsetur Jens Emil Snæbjörnsson, fæddur 23. ágúst 1946, en Kristmundur þekkti hann. Við yfirheyrslu sama dag gengust ákærðu báðir við því, að þeir hefðu orðið Guðjóni Atla að bana, og verður framburður þeirra rakinn nánar síðar.

Rannsóknarlögreglan tók í sínar vörslur fatnað hinna ákærðu, þar á meðal föt, sem þeir höfðu látið Jens Emil Snæbjörnsson fela fyrir sig á Meistaravöllum. Fyrir milligöngu Rannsóknastofu Háskólans var fatnaður þessi sendur til rannsóknar hjá Köbenhavns Universitets Retsmedisinske Institut ásamt blóðsýnum ákærðu og Guðjóns Atla Árnasonar. Um árangur þeirra rannsókna segir svo í niðurlagi skýrslu Rannsóknastofu Háskólans, er áður var vitnað til:

„Með skýrslu þessari fylgir blóðflokkun á blóði Alberts Ragnarssonar og Kristmundar Sigurðssonar, sem báðir munu vera grunaðir um að hafa veitt Guðjóni heitnum áverka þá, sem leiddu til dauða hans. Ennfremur var blóðugur fatnaður þessara tveggja manna sendur til Köbenhavns Universitets Retsmedisinske Institut, og fylgir ljósrit af skýrslu Dr. med. K. Henningsens á rannsóknum á blóðblettum í fatnaði þeirra. Eins og fram kemur í þessari skýrslu, mælir ekkert á móti því, að blóðið í fötum þessara manna sé úr hinum látna, Guðjóni Atla Árnasyni, en hins vegar getur það hvorki verið úr Albert Ragnarssyni eða Kristmundi Sigurðssyni.“

Guðjón Atli Árnason, sem fæddur var 18. júní 1927, var ókvæntur og bjó einn síns liðs í sumarbústað við Elliðavatn, eign Einars Guðjónssonar, Egilsgötu 16. Ferill Guðjóns Atla mánudaginn 5. júlí hefur verið rakinn eftir föngum. Hann kom nokkru eftir hádeggi heim til Einars Guðjónssonar, og lánaði Einar honum þá 50.000 kr. í sambandi við kaup Guðjóns Atla á bifreið. Um kl. 15

kom Guðjón Atli í skrifstofu Hagtryggingar og greiddi þar tryggingariðgjald af bifreið sinni G 8244, en tilkynnti breytingu á númeri bifreiðarinnar í R 49882. Um kl. 19 hringdi Guðjón Atli til Grétars Reynissonar næturvarðar, Stigahlíð 83, en þeir þekktust, og hafði Grétar unnið fyrir Atla við lagfæringu á sumarbústaðnum. Grétar kveður erindi hans hafa verið að segja, að hann gæti sótt greiðslu að fjárhæð 80.400 kr. til Einars Guðjónssonar. Næst er það vitað um ferðir Guðjóns Atla, að hann kom til systur sinnar, Ársólar Margrétar Árnadóttur, Sólheimum 44, milli kl. 19 og 20 og staldraði þar við og drakk kaffi. Um svipað leyti, og þó sennilega að lokinni heimsókninni til systur sinnar, kom Guðjón Atli á ný heim til Einars Guðjónssonar, og var erindi hans í sambandi við bifreiðakaupin. Hann stóð þá við um 15 mínútur. Þeim, sem hittu Guðjón Atla að máli og nú hafa verið nefnd, ber saman um, að hann hafi verið ódrukkinn og ekkert athugavert við framkomu hans.

Við rannsókn málsins kom fram, að síðar þetta kvöld kom Guðjón Atli í húsið Garð við Vatnsenda, skammt frá heimili sínu, og fékk að hringja þar eftir leigubifreið, og í henni fór hann síðan heim til kunningjafólks síns á Álfhólsveg 66. Þar býr Gunnar Ferdinand Guðmundsson verkamaður og Friðrika Beta Líkafrónsdóttir og sonur þeirra Jóhannes. Friðrika Beta og Jóhannes voru heima, er Guðjón Atli kom þangað, og Gunnar Ferdinand kom nokkru síðar. Virðist hafa verið áliðið kvölds, er Atli kom á Álfhólsveginn, og klukkan sennilega verið um 23. Guðjón Atli var þá við skál og hafði áfengispela meðferðis og neytti úr honum. Gunnar Ferdinand ók Guðjóni Atla síðan heim, og fór Friðrika Beta einnig með þeim. Þau komu snöggvast inn til Guðjóns Atla, áður en þau héldu heim aftur. Vissu þau ekki annað en Guðjón Atli ætlaði þá að fara að taka á sig náðir. Af vætti þeirra Gunnars og Friðriku kemur fram, að það hafi verið um eða upp úr miðnætti, sem þau óku Guðjóni Atla heim og þau hafi verið komin aftur heim til sín um kl. 1.

Þá hefur komið fram af framburðum vitna, að Guðjón Atli hafi hitt hina ákærðu við Umferðarmiðstöðina um nóttina, sennilega um kl. 1—1.30. Tvær afgreiðslustúlkur í Nætursölunni í Umferðarmiðstöðinni muna eftir, að þær sáu Kristmund þar, og önnur þeirra segir, að annar maður hafi verið í fylgd með honum, og svarar lýsing hennar á þeim manni til Alberts. Ólafur Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, Kópavogsbraut 78, kveðst hafa séð Guðjón Atla við Umferðarmiðstöðina og hafi hann verið í bifreið-

inni G 8244 og tveir menn staðið hjá honum og verið eitthvað að tala við Guðjón Atla. Töluverður sláttur hafi verið á mönnum þessum. Mennirnir hafi síðan farið inn í bifreiðina og síðan burt í för með Guðjóni Atla.

Ákærði Albert kveðst hafa komið til Reykjavíkur um miðjan júní ásamt félaganum sínum Baldvin Ólafssyni. Þeir hafi fyrst búið í hóteli, en leigt sér síðan tjald og tjaldað inni í Laugardal. Albert kveðst hafa kynnst ákærða Kristmundi einhvern tíma skömmu fyrir 6. júlí. Hann man ekki gerla, hvar fundum þeirra bar saman, en segir, að enginn félagsskapur hafi þá tekist með þeim. Aðfaranótt 6. júlí komu þeir Baldvin að Umferðarmiðstöðinni, en þeir höfðu þá um kvöldið verið í veitingahúsinu Röðli og voru við skál. Þar hittu þeir Kristmund, og tóku þeir tal saman, en Baldvin fór burt. Albert segir, að Kristmundur hafi þarna einhvern veginn komist í samband við mann, sem þarna var á ferð og Albert þekkti ekkert og vissi ekki fyrr en síðar, að hét Guðjón Atli Árnason. Kristmundur hafi keypt þarna þrjár pilsnerflöskur og bakka með pylsum og látið Guðjón Atla borga, en síðan hafi hann sest inn í bifreiðina til Guðjóns Atla, í framsæti við hlið hans, en bent honum (Albert) að koma inn í bifreiðina líka, og kveðst Albert hafa klifrað yfir sætið og sest flötum beinum á gólfið fyrir aftan. Síðan hafi verið ekið á ýmsa staði, sem Albert kveðst ekki geta lýst greinilega, þar sem hann sé ókunnur í borginni, en hann rekur minni til, að farið hafi verið upp í Breiðholt og víðar. Tilgangur fararinnar hafi verið að verða sér úti um áfengi og hafi Kristmundur ætlað að gera það. Albert segir, að engar greinir hafi orðið með þeim félögum og Guðjóni Atla. Kristmundur hafi verið búinn að segja við hann, áður en ferðin hófst, að Guðjón Atli væri kynvillingur, en enga tilburði hafi Atli sýnt í þá átt. Albert segir, að á leiðinni í bifreiðinni hafi þeir Kristmundur hvíslast á um að reyna að ná peningum af Guðjóni Atla. Hafi það því ekki komið sér á óvart, er Kristmundur það Guðjón Atla nema staðar, er þeir voru á leið gegnum malar-gryfjurnar. Þá hafi Kristmundur slegið Guðjón Atla skyndilega í höfuðið með pilsnerflösku svo fast, að flaskan hafi brotnað. Albert kveðst strax á eftir hafa gert slíkt hið sama, slegið Guðjón Atla höfuðhögg með ölflösku, sem hann hafi verið með. Síðan kveðst hann hafa brugðið handleggnum fram fyrir háls Guðjóns Atla og haldið honum. Kristmundur hafi svo farið út og Albert á eftir, og þeir síðan tekið Guðjón Atla út úr bifreiðinni. Guðjón Atli hafi borið sig á móti þeim og þeir þá slegið hann nokkur hnefa-

högg. Þarna kveðst Albert hafa tekið veski úr vasa Guðjóns Atla og úr því 5.000 krónur, en hent veskinu þarna á staðnum ásamt öðru, sem í því var. Að svo búnu hafi þeir félagar komið Guðjóni Atla inn í afturrými bifreiðarinnar. Kristmundur hafi farið úr skyrta sinni og fengið Guðjóni Atla, sem reynt hafi eitthvað að þurrka af sér blóðið, en hann hafi enn haft nokkra meðvitund. Síðan hafi þeir sest inn í bifreiðina, Kristmundur undir stýri, og ekið af stað. Albert kveðst hafa aftrað Guðjóni Atla frá því að trufla Kristmund við aksturinn, en hann hafi verið að bröлта eitthvað aftur í bifreiðinni. Eftir að ekið hafi verið stuttan spöl, hafi Kristmundur sagt, að það væri best að drepa karlinn úr því sem komið væri og numið staðar. Þeir félagar hafi svo farið út úr bifreiðinni og tekið Guðjón Atla út, en hann hafi getað staðið einn og óstuddur. Kristmundur hafi síðan tekið stein og slegið Guðjón Atla með honum í höfuðið og hann fallið við. Síðan hafi þeir báðir barið hann með spýtum. Ekki hafi þeir verið fullvissir um það, er þeir fóru af staðnum, að Guðjón Atli væri látinn, en Albert kveðst þó hafa talið það.

Ákærði Kristmundur kveðst hafa kynnst Albert við drykkju viku eða hálfum mánuði áður en umræddur atburður varð. Síðan hafi þeir þessa nótt hist af hendingu við Umferðarmiðstöðina. Þangað kveðst Kristmundur hafa komið úr veitingahúsinu Óðali og verið undir áhrifum áfengis. Kristmundur kveðst ekki hafa þekkt Guðjón Atla neitt, þó finnst honum hann einhvern tíma hafa séð hann áður. Einhvern veginn hafi tekist svo til, er þeir hittust þarna við Umferðarmiðstöðina, að hann hafi slegist í för með Guðjóni Atla og hafi hann þá kallað í Albert og sagt honum að koma með þeim. Þeir hafi svo farið báðir inn í bifreiðina til Guðjóns Atla. Ekki kannast Kristmundur við, að hann hafi sagt við Albert neitt í þá átt, að Guðjón Atli væri kynvillingur. Kristmundur kveðst hafa tekið með sér þrjár pilsnerflöskur og plastbakka með pylsum inn í bifreiðina. Kristmund minnst, að hann hafi stungið upp á að ná í áfengi og Guðjón Atli verið áfram um það. Nú hafi fyrst verið ekið inn á Langholtsveg, þar sem Kristmundur kveðst hafa ætlað að hitta stúlku að máli, en hún ekki verið heima. Þá hafi verið ekið upp í Asparfell, og kveðst Kristmundur þar hafa átt tal við föður sinn. Úr Breiðholti hafi þeir þremmingarnir síðan lagt leið sína í Kópavog austanverðan og ekið síðan um veg, sem liggur þar gegnum sandgryfjur. Kristmundur minnst þess ekki, að þeir Albert hvísluðust á um að ræna Atla, en ekki kveðst hann þó geta fortekið það. Kveðst hann

hafa beðið Guðjón Atla að nema staðar, en hann muni ekki hvers vegna. Hann kveðst hafa haldið á tómri pilsnerflösku í hægri hendi og skyndilega hafi honum komið í hug að slá Atla með flöskunni og hafi hann hitt hann einhvers staðar í höfuðið. Þá hafi Albert einnig slegið Guðjón Atla höfuðhögg með flösku, sem hann hafði verið að drekka úr. Kristmundur man ekki til þess, að hann sæi Albert taka Guðjón Atla hálstaki, en síðan hafi það atvikast svo einhvern veginn, að allir þrír hafi farið út úr bifreiðinni. Kristmundur kveðst ekki hafa séð Albert taka veski af Guðjóni Atla og ekki hafa vitað um það fyrr en síðar. Hann segir, að þeir Albert hafi báðir barið Guðjón Atla eitthvað þarna utan við bifreiðina. Síðan hafi þeir komið honum inn í afturrými bifreiðarinnar og muni þeir hafa látið hann inn um framdyrnar. Kristmundur man, að einhvern tíma, meðan á þessu stóð, hafi hann farið úr jakka sínum og skyrtu. Síðan hafi þeir Albert báðir farið inn í bifreiðina, og kveðst Kristmundur hafa stýrt henni og ekið nokkurn spöl áfram. Hann minnst þess ekki, að þeir Albert ræddu neitt um það sín á milli að drepa Guðjón Atla, en einhvern veginn hafi það farið svo, að hann hafi numið staðar og þeir Albert farið út og tekið Guðjón Atla út úr bifreiðinni. Síðan kveðst Kristmundur hafa tekið upp stein og kastað honum í höfuð Guðjóni Atla. Hann telur, að Guðjón Atli hafi ekki fallið af högginu, en Albert hafi þá slegið hann, svo hann féll, og sparkað síðan í hann. Síðan hafi þeir Albert báðir barið Guðjón Atla með spýtum. Hann kveðst svo hafa spurt Albert, hvort Guðjón Atli mundi dauður, og Albert talið svo vera, enda hafi verið ætlunin að ganga endanlega frá honum, þegar hér var komið. Kristmundur kveðst þarna hafa tekið upp úr Guðjóns Atla, sem slitnað hafði af honum, og stungið því á sig. Úrið fannst síðan eftir tilvísun Kristmundar skammt frá þeim stað, þar sem hann skildi bifreiðina G 8244 eftir.

Svo sem nú hefur verið rakið, er framburður ákærðu um það, hvernig þeir réðu Guðjóni Atla bana, samhljóða í öllum meginatriðum.

Um það, hvað ákærðu hafi gengið til verksins, gefa þeir óljós svör. Eins og áður greinir, telur Albert, að komið hafi til tals áður að ná peningum af Guðjóni Atla, en Kristmund rekur ekki minni til þess. Albert kveðst ekki geta skýrt það, hvenær sú hugmynd varð til að ráða Guðjón Atla af dögum, og hafi það í upphafi ekki vakað fyrir þeim að gera það, en einhvers konar æði hafi runnið á þá. Framburður Kristmundar gengur í svipaða átt.

Hann geti ekki sagt, að nein eiginleg hugmynd hafi nokkurn tíma orðið til í þá átt að bana Guðjóni Atla, þetta hafi „bara einhvern veginn farið svona.“

Eftir að ákærðu höfðu unnið á Guðjóni Atla, svo sem nú hef-ur verið lýst, óku þeir til Reykjavíkur og að húsinu Meistaravöllum, en í húsi þessu hafðist við Jens Emil Snæbjörnsson, fæddur 23. ágúst 1946. Á leiðinni segir Kristmundur, að þeir hafi komið við í húsi við Bergstaðastræti og ætlað að hitta þar mann að máli, en úr því hafi þó ekki orðið. Jens Emil Snæbjörnsson var einn heima á Meistaravöllum, en að hans sögn höfðu lög- reglumenn komið þar fyrr um nóttina og tekið með sér á brott tvo kunningja hans, sem þar voru. Ákærðu komu báðir inn til Jens, sem sá, að þeir voru mjög blóðugir. Kristmundur fór strax út aftur þeirra erinda að koma bifreiðinni fyrir einhvers staðar. Ók hann nokkuð um og skildi bifreiðina loks eftir á stað þeim, sem áður var lýst, og gekk síðan að Meistaravöllum. Sá hann þá til ferða lögregluþjóna, sem komu að Meistaravöllum einhverra erinda við Jens, og fór Kristmundur úr jakka sínum blóðugum og faldi hann, en dokaði svo við, uns hann sá lögregluþjónana fara burt. Þá fór hann inn, en skaust svo og náði í jakka sinn. Jens Emil léði Albert buxur og tók við buxum hans og jökkum ákærðu beggja og faldi fatnaðinn í húsinu. Um morguninn fékk Albert Jens Emil 5.000 kr., og keypti hann fyrir það mat og áfengi og fór með það heim. Ákærðu fóru niður í miðborg um hádegis- bil og komu þá m. a. í vinstúkuna á Hótel Borg. Þar hitti Krist- mundur að máli Anton Helga Antonsson frá Siglufirði, sem hann þekkir, en Albert hitti Baldvin Ólafsson féлага sinn þarna. Síðar sama dag fóru ákærðu aftur heim til Jens Emils og voru þar næstu nótt. Síðla nætur fór Albert út og að versluninni Hlöðveri, Kaplaskjólsvégi 1, og kastaði steini í rúðu og braut hana og komst inn. Hann tók þarna nokkuð af sígarettum og fór með þær heim að Meistaravöllum. Innbrot þetta kveðst Albert hafa framið án samráðs við féлага sína, en er heim kom, tók Jens Emil við fengn- um og kom honum fyrir í kistli.

Um morguninn voru ákærðu teknir höndum á Meistaravöllum, svo sem áður segir. Til skila komu alls 20 sígarettupakkar, er skilað var í áðurnefnda verslun, og eru engar kröfur hafðar uppi af hálfu verslunarinnar.

II. 1. Í desember 1975 voru nokkrir tékkar með fölsuðum nafn- ritunum seldir á Akureyri, svo sem nánar verður lýst undir 5. b,

c og d hér á eftir. Rannsókn leiddi í ljós, að tékka þessa hafði ákærði Albert Ragnarsson ritað. Eyðublöðin reyndust vera úr tékkhefti Einars Pálma Árnasonar prentnema, Grænumýri 18 á Akureyri, og samkvæmt því, sem Einar skýrði lögreglunni frá, hafði það verið tekið úr fötum hans í íþróttavallarhúsinu nokkrum mánuðum áður, meðan hann var þar að iðka knattspyrnu. Einnig kvað hann úr sitt hafa horfið í sama skipti.

Ákærði Albert hefur játað, að hann hafi ritað áðurnefnda tékka, og að hann hafi tekið tékkheftið úr jakkavasa í búningsklefa í íþróttavallarhúsinu. Þar kveðst hann einnig hafa tekið úr, og vísaði hann á úrið, sem var í viðgerð. Komst úrið í hendur Einars Pálma, sem hefur ekki haft uppi kröfur í þessu máli.

2. Miðvikudaginn 19. nóv. 1975 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt, að brotist hefði verið inn í Útvegsbankann, Hafnarstræti 107 á Akureyri. Reyndist hafa verið brotin rúða í glugga á suðurhlið hússins, glugginn síðan opnaður og þar farið inn. Skápur á borði gjaldkera hafði verið brotinn upp, og að sögn gjaldkera hafði horfið úr honum nokkuð af erlendum gjaldeyri, nánar til tekið: 21 dollari, 300 sænskar krónur í hundrað króna seðlum og nokkuð af mynt, 100 DM, nokkuð af frönskum frönkum. Enn fremur var talið, að ísl. 500 króna seðill hefði horfið úr skápnum svo og 8.000 kr. úr buddu, sem þarna var. Í síðari skýrslu gjaldkera kvað hann áðurnefnda tilgreiningu erlenda gjaldeyrinsins vera ónákvæma, en hann hefði alls numið 70.800 kr. miðað við ísl. kr. Þar við bættust svo 8.500 kr. ísl., sem horfið hefðu, þannig að alls hefðu horfið 79.300 kr. í peningum.

Við rannsókn málsins bárust böndin að ákærða Albert Ragnarssyni, og í yfirheyrslu 20. jan. kannaðist hann við, að hann hefði framið innbrot þetta. Hann hafði beðið kunningja sinn fyrir peningana og þeir saman eytt íslensku peningunum. Síðar hefði hann tekið erlenda gjaldeyrinn í sínar vörslur og enn síðar komið honum í geymslu til vinkonu sinnar og loks tekið hann í sínar vörslur á ný og falið hann. Vísaði hann á hann. Reyndist hér vera um að ræða 700 franska franka, 230 sænskar kr., 360 norskar kr., 100 belgiska franka og 50 þýskar merkur. Peningum þessum var skilað, og að því búnu taldi gjaldkeri, að á erlenda gjaldeyrinn vantaði sem næmi 20.812 ísl. kr. Fjárfkrafa bankans er miðuð við þessa fjárhæð að viðbættum 8.500 ísl. kr., sem talið er, að teknar hafi verið, og 14.000 kr. vegna skemmda.

Ákærði Albert hefur við meðferð máls þessa játað skýlaust á

sig innbrot þetta. Hann hefur ekki gert athugasemdir við tilgreiningu hins stolna og hefur samþykkt fjárkröfu bankans.

3. Aðfaranótt laugardagsins 31. janúar sl. var brotist inn í skrifstofuhús Olíusöluþeildar KEA á Oddeyrartanga á Akureyri. Brotin hafði verið rúða í suðurhlið og farið þar inn og síðan um húsið og spell unnin á dyrum, sem brotnar höfðu verið upp. Talið var, að eitthvað hefði verið tekið af peningum úr skáp í afgreiðsluherbergi.

Rannsókn leiddi í ljós, að innbrot þetta hafði ákærði framið ásamt félaganum sínum, sem var tæplega 16 ára að aldri. Samkvæmt samhljóða skýrslum þeirra höfðu þeir tekið 8.000 kr. úr tösku, sem þarna varð fyrir þeim, og skipt fé þessu á milli sín.

Ákærði Albert hefur við meðferð máls þessa viðurkennt afdráttarlaust þetta ákæruatriði.

4. Innbrot Alberts Ragnarssonar í verslunina Hlödver, Kapla-skjólsvégi 1, var lýst í I. kafla hér að framan og vísast til þess.

5. a) Miðvikudaginn 2. júlí 1975 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt, að í Landsbankanum þar í bæ hefði nokkrum dögum áður verið keyptur 7.000 króna tékki, sem reynst hefði falsaður. Hér er um að ræða tékka útg. til handhafa á ávísanareikning 493, dags. 27. júní, undirritaðan með nafninu Rúnar Kristjánsson og framseldan af Hafsteini Sigurðssyni, Tjarnarlundi 40 (eða 4b).

Við rannsókn bárust böndin að ákærða Albert Ragnarssyni, sem hefur játað það afdráttarlaust, bæði við rannsókn lögreglunnar á Akureyri og nú við meðferð máls þessa, að hann hafi ritað tékka þennan og selt hann. Hann segir, að hann hafi tekið tvö tékkaeyðublöð úr hefti, sem var í jakkavasa manns, sem gisti á heimili foreldra hans, og á annað þeirra sé tékki þessi ritaður.

b) Hinn 15. desember 1975 seldi ákærði í Bókabúðinni Huld á Akureyri tékka, sem hann hafði ritað á eitt af eyðublöðum úr hefti Einars Pálma Árnasonar, sbr. II. 1. hér að ofan. Tékki þessi er að fjárhæð 4.000 kr., útg. til handhafa 15. des. á ávísanareikning 8563, undirritaður Stefán Reykjalín og fyrsta framsal Kristinn Tómasson. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi ritað tékkann, þ. á m. bæði nefnd nöfn, og selt hann síðan.

c) Hinn 18. desember 1975 seldi ákærði tékka að fjárhæð 5.000 kr. í verslun KEA, Brekkugötu 1, Akureyri. Tékkinn, sem er ritaður á eitt af eyðublöðunum úr hefti Einars Pálma Árnasonar (sbr. II. 1.), er útg. á ávísanareikning 7856 18. des. og undirritaður með nafninu Stefán Ólafsson. Ákærði hefur viðurkennt skýlaust, að hann hafi ritað tékkann og selt hann.

d) Hinn 18. des. 1975 ritaði ákærði 10.000 kr. tékka á eitt af eyðublöðunum úr hefti Einars Pálma Árnasonar (sbr. II. 1.). Tékki þessi er gefinn út á ávísanareikning 8469 18. des. og undirritaður með nafninu Stefán Ólafsson. Tékkinn ber framsölin Stefán Ólafsson, Skarðshlíð 13 c, og Helga Dúad. Tékkka þennan fengu þeir ákærði og félagi hans Lúther Harðarson Helgu Dúadóttur, Eyrarlandsvegi 29, til þess að selja fyrir sig, og framseldi hún hann með rétttri nafnritun. Ákærði Albert hefur lýst yfir því, að hann hafi ritað tékka þennan, þ. e. framhlið hans og fyrra fram-salið.

Persónulegir hagir hinna ákærðu.

Ákærði Albert Ragnarsson er sem fyrr segir fæddur 11. september 1958 á Akureyri og alinn þar upp hjá foreldrum sínum. Hann er hinn þriðji í röðinni af fimm systkinum. Hann hefur undanfarin ár helst haft atvinnu af sjómennsku, en einnig stundað byggingarvinnu. Hann hóf að neyta áfengis 14 ára að aldri, og hefur drykkjuhneigð hans ágerst. Albert fór einnig að fást við innbrot um líkt leyti og hann hóf að neyta áfengis. Hinn 24. júlí 1975 var hann í sakadómi Akureyrar dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir tvö innbrot framin í desember 1974. Þá var hann með dómi sama dóms, uppkveðnum 30. apríl sl., dæmdur í 60 daga fangelsi, einnig skilorðsbundið, fyrir fimm þjófnaðarbrot og nytjastuld, en brot þessi framdi hann í maí og júní 1975. Þá varð hann á sl. vetri uppvís að ýmsum brotum, sem rakin hafa verið í II. kafla atvikalýsingar, og sætti hann þá gæsluvarðhaldi frá 4. febrúar til 4. mars. Hann kom til Reykjavíkur í júnímánuði og hafðist hér síðan við og stundaði einkum skemmtanalíf, uns atburðir þeir urðu aðfaranótt 6. júlí, sem mál þetta er af risið og lýst hefur verið. Hann hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan 8. júlí.

Ásgeir Karlsson læknir, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, var fenginn til þess að rannsaka andlegan og líkamlegan þroska og heilbrigði Alberts. Verður hér tekinn upp niðurstöðukafla skýrslu hans:

„Ég tel, að Albert Ragnarsson sé hvorki vangefinn né geðveikur og hann hafi engin merki þess að vera með vefrænar skemmdir í miðtaugakerfi. Hins vegar er hann haldinn miklum skapgerðar- og persónuleikagöllum, sem koma fram sem geðvilla (psykopatia). Auk þess er hann haldinn drykkjusýki á háu stigi svo og lyfjafíkn. Albert Ragnarsson hefur ekki verið til meðferðar vegna drykkjusýki sinnar eða fíknilyfjaneyslu. Hins vegar

má telja einhverjar líkur á, að hann gæti hugsanlega fengið einhverja bót, ef hann færi á viðeigandi meðferðarstofnun fyrir drykkjusjúka.

Ég tel litlar líkur á, að meðferð svo sem langvarandi sálækn-ing (psykoterapia) gæti ráðið bót á geðvillu Alberts, en þó er slíkt ekki óhugsandi, þ. e. a. s. ef hægt er að lækna drykkjusýki hans um leið. Albert Ragnarsson telst sakhæfur.“

Ákærði Kristmundur Sigurðsson, sem fæddur er í Reykjavík 4. júní 1958, ólst ásamt tveim eldri alsystkinum upp hjá foreldrum sínum, en móðir hans lést, er hann var 11 ára. Virðist þá hafa komist los á hagi hans, sem eigi hafi úr ræst síðan. Er hann var 12 ára, var honum komið á Kópavogshæli sakir óknytta og síðan norður í Húnavatnssýslu, þar sem hann var næstu tvö ár, og undi hann þar hag sínum allvel. Síðan hann kom aftur til Reykjavíkur árið 1972, hefur honum ekki tekist að ná neinni staðfestu. Úr skólanámi varð ekkert, og atvinnusaga hans er mjög slitrótt. Hefur hann oft ráðið sig í skiprúm, en haft skammar vistir. Öðru hverju hefur hann stundað verkamannavinnu, en einnig oft verið verklaus, og naumast haft neitt fast heimili síðustu árin. Hann hefur löngum stundað drykkjuskap og neyslu mildra taugalyfja. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. apríl 1975 var hann sakfelldur fyrir brot gegn 245. gr. alm. hegningarlaga, þ. e. að hafa hinn 23. sept. 1974 hrifsað veski af konu, er hann mætti á götu, og tekið úr því 850 kr. Ákvörðun um refsingu hans var frestað skilorðsbundið. Tveim dögum síðar, 18. apríl, var kveðinn upp dómur í öðru máli ákærvaldsins á hendur ákærða, og var hann nú sakfelldur fyrir innbrotsþjófnað, framinn aðfaranótt 7. sept. 1974. Ákvörðun um refsingu var aftur frestað skilorðsbundið. Enn var Kristmundur hinn 4. febrúar sl. dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir sex þjófnaðarbrott o. fl.

Ingvar Kristjánsson læknir, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, rannsakaði þroska og heilbrigði ákærða, og eru lokaorð skýrslu hans á þessa leið:

„Niðurstaða mín af þessari rannsókn er sú, að Kristmundur sé ekki geðveikur né heldur fáviti, en að hann sé haldinn geðvillu (personality disorder, antisocial type). Ekkert hefur komið fram við þessa rannsókn, er bendir til þess, að geðvillan sé af vefrænum toga spunnin. Kristmundur er því sakhæfur í almennum skilningi. Lýsing Kristmundar á morðinu finnst mér ekki benda til þess, að hann hafi þjáðst af rænuskerðingu.

Tel ég líklegast, að ástæðunnar fyrir verknaðinum sé fyrst og

fremst að leita í takmörkuðum tilfinningalegum þroska Kristmundar og slakri hvatastjórn.

Framtíðarhorfur Kristmundar m. t. t. geðvillu hans eru óvissar. Þegar geðlæknismeðferð hefur verið reynd við slíku ástandi, hefur árangur verið óviss, og er ekki mælt með henni hér. Reynslan sýnir þó, að andfélagslegt atferli slíkra manna hneigist til að dvína með aldrinum, þó að það sé fátítt fyrir þrítugsaldur.“

Niðurstöður.

Sannað þykir með samhljóða framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið, að ákærðu hafi í sameiningu ráðið Guðjóni Atla Árnasyni bana af ásettu ráði. Telja verður, að þeir hafi í fyrstu ráðist á Guðjón Atla í því skyni að ná af honum peningum og ásetningur til þess að svipta hann lífi hafi ekki orðið til fyrr en eftir að atlagan var hafin. Varðar þessi verknaður hinna ákærðu refsingu skv. 211. gr. alm. hegningarlaga.

Þá þykir sannað með framburði ákærða Alberts, að hann hafi framið þjófnaðarbrot þau, sem lýst er í II. kafla ákæru, liðum 1—4, og ber að refsa honum skv. 244. gr. alm. hegningarlaga fyrir þau. Enn fremur er sannað, að hann notaði eða lét nota í lögskiptum fjóra tékka með fölsuðum nafnritunum, að fjárhæð samtals 26.000 kr., sbr. II. kafla ákæru, 5. lið a-d. Hefur hann með því unnið til refsingar skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Albert hefur rofið skilorð dóms frá 30. apríl sl. (60 daga varðhald), og ber skv. 60. gr. alm. hegningarlaga að dæma honum refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómur sá fjallar um, og þau, sem hann er nú saksóttur fyrir. Höfð verður hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga svo og af 78. gr. sömu laga að því er varðar brot þau, sem um ræðir í II. kafla ákæru, en þau eru framin fyrir 30. apríl sl. Verður refsing Alberts ákveðin fangelsi 8 ár, en þyngri refsingu er eigi heimilt að dæma, þar sem hann hafði eigi náð 18 ára aldri, er hann framdi brot sín (sbr. 2. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga). Skv. 76. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist Alberts frá 4. febr. til 4. mars og frá 8. júlí til dagsins í dag, samtals 177 dagar, verði dregin frá refsingu hans með fullri dagatölu.

Ákærði Kristmundur hefur rofið skilorð dóms frá 4. febrúar sl. (6 mánaða fangelsi), og ber skv. 60. gr. alm. hegningarlaga að dæma honum í einu lagi refsingu fyrir brot þau, sem sá dómur lýtur að, og brot það, sem hann er nú ákærður fyrir, og hafa hlið-

sjón af 77. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði Kristmundur hafði fyrir skömmu náð 18 ára aldri, er hann framdi brot sitt, og ákvæði 2. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga tekur þannig ekki til hans, en þó ber að ákveða refsingu með hliðsjón af æsku hans. Samkvæmt þessu verður refsing hans ákveðin fangelsi 10 ár. Rétt þykir skv. 76. gr. alm. hegningarlaga að draga frá refsingu hans gæsluvarðhaldsvist hans síðan 8. júlí sl., 148 daga.

Af hálfu ákærða Alberts hafa fjárkröfur þær á hendur honum, sem áður var lýst, verið samþykktar, og verða þær teknar til greina að undanskilinni kröfu Landsbanka Íslands út af tékka þeim, sem greinir í ákærulið II. 5. a. Frumrit tékkans hefur ekki verið lagt fram, og þykir verða að vísa kröfunni frá dómi.

Skv. 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma hina ákærðu til þess að greiða kostnað sakarinnar in solidum. Til hans teljast málsóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 kr., en Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari sótti málið af hálfu ákærvalds; enn fremur málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 kr., en í þeirri fjárhæð er einnig falin þóknun fyrir réttargæslu hinna ákærðu frá 8. júlí til þess tíma, er málið var höfðað.

Þrír sakadómarar fóru með mál þetta skv. 3. mgr. 5. gr. laga 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði Albert Ragnarsson sæti fangelsi 8 ár. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 177 daga.

Ákærði Kristmundur Sigurðsson sæti fangelsi 10 ár. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 148 daga.

Ákærði Albert Ragnarsson greiði Útvegsbanka Íslands, Akureyri, 43.412 kr., Bókabúðinni Huld 4.000 kr., útibúi matvörudeildar KEA, Brekkugötu 1, 5.000 kr. og Bifreiðastöð Oddeyrar 10.000 kr. Kröfu Landsbanka Íslands, Akureyri, er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 kr.